

Zatočil, Leopold (editor)

Sǫgu-páttir af Nornagesti

In: Zatočil, Leopold. *Sǫga o Volsunzích*. Vyd. 1. Praha: Státní pedagogické nakladatelství, 1960, pp. 84-92

Stable URL (handle): <https://hdl.handle.net/11222.digilib/119082>

Access Date: 16. 02. 2024

Version: 20220831

Terms of use: Digital Library of the Faculty of Arts, Masaryk University provides access to digitized documents strictly for personal use, unless otherwise specified.

SQGU-ÞÁTTUR AF NORRAGESTI

I.

Svá er sagt, at á einum tíma, þá er Óláfr konungr sat í þróndheimi, bar svá til, at einn maðr kom til hans at álidnum degi ok kvaddi hann sœmiliga. Konungr tók honum vel ok spurði, hvern han væri, en hann sagðiz Gestr heita. Konungr svarar: „gestr muntu hér vera, hversu sem þu heitir.“ Gestr svarar: „satt segi ek til nafns míns, herra, en gjarna vilda ek at yðr gisting þiggja, ef kostur væri. Konungr sagði honum þat til reidu vera. En með því, at álidinn var dagr, vildi konungr ekki tala við gestinn, því at hann gekk þá skjótt til aptansöngs ok síðan til bords ok þá til svefnis ok náða. Ok á þeiri sömu nótt vakti Óláfr konungr Tryggvason í sæng sinni ok las bœnir sínar, en aðrir menn allir sváfu í því herbergi; þá þótti konungi einn álfr eða andi nokkurr koma inn í húsit ok þó at luktum dyrum öllum; hann kom fyrir rekkju hvers manns, er þar svaf, ok at lyktum kom hann til sængr eins manns er þar lá útarliga. Þá nam álfrinn staðar ok mælti. „furðu sterkr láss er hér fyrir tómu húsi, ok er konungr eigi jafnvíss um slíkt, sem aðrir láta, at hann sé allra manna spakastr, er hann sefr nú svá fast“. — Eptir þat hverfr sá á brott at luktum dyrum. En snemma um morgininn eptir sendir konungr skósvein sinn at verða víss, hvern þessa sæng hafði bygt um náttina; prófaðiz svá, at þar hafði legit gestrinn. Konungr lét kalla hann fyrir sik ok spurði, hvers son hann væri. — En hann svarar: „þórðr hét faðir minn ok var kallaðr þingbátr, danskr at kyni, hann bjó á þeim bæ í Danmörk, er Grœningr heitir. — „þrífligr maðr ertu!“ segir konungr. — Gestr sjá var djarfr í orðum ok meiri, en flestir menn aðrir, sterkligr ok nokkut hniginn í efra aldr; hann biðr konung at dveljaz þar lengr með hirdinni. Konungr spurði, ef hann væri kristinn; Gestr léz vera þrímssignr, en eigi skírðr. Konungr sagði honum heimilt at vera með hirdinni — „en skamma stund muntu með mér óskírðr.“ — En því hafði álfrinn svá til orðs tekit um lásinn, at Gestr signdi sik um kveldit, sem aðrir menn, en var þó reyndar heidinn. — Konungr mælti: „ertu nokkurr íþróttamaðr?“ Hann kvaz leika hœrpu eða segja sögur, svá at gaman þætti at. Konungr sagði þá: „illa gerir Sveinn konungr þat, at hann lætr óskírða menn fara ór ríki sínu landa á meðal.“ Gestr svarar: „ekki er þat Danakonungi at kenna, því at miklu fyrr fór ek brott ór Danmörk, en Ottó keisari lét brenna Danavirki ok kúgadi Harald konung Gormsson ok Hákon blótjarl at taka við kristni“.

Margra hluta spyr konungr Gest, en hann leysir flest vel ok vitrliga. Svá segja menn, at Gestr þessi kæmi á þriðja ári ríkis Ólafs konungs til hans.

Á því ári kómu ok til hans þeir menn, er Grímar hétu, ok váru sendir af Guðmundi af Glasivöllum. Þeir færðu konungi horn tvau, er Guðmundr gaf honum, þau kólluðu þeir ok Gríma. Þeir hófðu ok fleiri erindi til konungs, sem síðar mun sagt verða. Nú er þat at segja, at Gestr dvaldiz með konungi; er honum skipat útar frá gestum; hann var síðsamr maðr ok látaðr vel, var hann ok þokkasamr af flestum mönnum ok virðiz vel.

II.

Litlu fyrir jól kom heim Úlfr inn rauði ok sveit manna með honum; hann hafði verit um sumarit í konungs erindum, en var settr til landgæzlu um haustit í Víkinni við áhlaupum Dana; var hann jafnan vanr at vera með Ólafi konungi um hávetri. Úlfr hafði at færa konungi marga góða gripi, er hann aflaði um sumarit, ok einn gullhring hafði hann aflat, er Hnituðr hét, því at hann var hnitaðr saman í sjau stöðum, ok var með sínum lit hverr hlutrinn; miklu var hann gullbetri en aðrir hringar. Þann hring gaf Úlfi einn bóndi, sá er Loðmundr hét, en þenna hring hafði áðr átt Hálftr konungr, er Hálfstrekkar eru við kendir, er þeir hófðu kúgat fé af Hálfdani konungi Ylfing; en Loðmundr beiddi Úlf í móti, at hann mundi halda bœnum fyrir honum með fulltingi Ólafs konungs; Úlfr játadi honum því.

Heldr konungr nú jól sín ríkuliga ok sitr í þróndheimi; en inn átta dag jóla gefr Úlfr inn rauði hringinn Hnituð Ólafi konungi. Konungr þakkar honum gjöfina ok alla þá trúlynda þjónustu, er hann hefði jafnan veitt honum. Ferr þessi hringr víða um herbergit, þar er menn drukku inni, því at þá váru eigi hallir smíðaðar í þann tíma í Noregi; sýnir nú hverr öðrum ok pykkjaz menn eigi sét hafa jafngott gull, sem í hringinum var, ok at lyktum kemr hann á gestabekk ok svá fyrir gest inn ókunna; hann lítr á ok selr aptr hringinn yfir þvera höndina, þá er hann helt áðr á kerinu; finnz honum fátt til ok talar ekki til þessa gripar, en hefir gamanræður, sem áðr, við sína féлага. Einn herbergis-sveinn skenkti útar á bekkinn gestanna, hann spyr: „líz yðr vel á hringinn?“ — „Allvel“, sǫgðu þeir, „útan gesti inum nýkomna; honum finnz ekki til, ok þat hyggju-vér, at hann kunni ekki til at sjá, er hann ansar ekki um slíka hluti“. Herbergis-sveinninn gengr innar fyrir konung ok segir honum þessi in sömu orð gestanna, ok þessi inn komni gestr, hversu hann ansadi lítt til þessa gripar, er honum var sýnd slík gersimi. Konungr sagði þá: „gestr inn komni mun fleira vita, en þér ætlið, ok skal hann koma til mín í morgin ok segja mér nokkura sögu“.

Nú jafnfram talaz þeir við gestirnir útar á bekkinn; þeir spyrja inn nýkomna gest, hvar hann hefir sét jafngóðan hring eða betra. — „Með því, at yðr pykkir undarligt, at ek tala svá fátt til, þá hefi ek víst sét þat gull, at öngum mun er verra, nema betra sýniz“. — Nú hlæja konungsmenn mjök ok segja svá: „hér horfiz til

gamans mikils; ok muntu vilja veðja við oss, at þú hafir sét jafngott gull sem þetta, svá at þú megir þat sanna; skulu-vér við setja fjórar merkr gangsilfrs, en þú kníf þinn ok belti, ok skal konungr um segja, hvárir sannara hafa.“ — Gestr sagði þá: „eigi skal nú hvártveggja gera, vera í kalsi með yðr, enda halda eigi ummæli þau sem þér biddið, ok skal víst veðja hér um ok svá mikit við leggja, sem þér hafit um mælt, en konungr skal um segja, hvárir sannara hafa.“

Hætta þeir nú sínu tali, tekr Gestr hǫrpu sína ok slær vel ok lengi um kveldit, svá at ǫllum þykkir unað í á at heyra, ok slær þó Gunnarsslag bezt, ok at lyktum slær hann Guðrúnarbrögð in fornu, þau hǫfðu menn eigi fyrr heyrt; ok eptir þat sváfu menn af um nóttina.

III.

Konungr stendr snemma uppum morguninn ok hlýðir tíðum; ok er þeim er lokit, gengr konungr til bords með hird sinni; ok er hann er kominn í hásæti, gengr gestasveitin innar fyrir konung ok Gestr með þeim, ok segja honum sín ummæli ǫll ok veðjan þá sem þeir hǫfðu haft áðr. Konungr svarar: „lítit er mér um veðjan yðra, þó at þér setið penninga yðra við; get ek þess til, at yðr hafi drykkir í hǫfuð fengit, ok þykki-mér ráð, at þér hafið at öngu, allra helzt, ef Gestir þykkir svá betr.“ — Gestr svarar: „þat vil ek, at haldiz ǫll ummæli vár!“ — Konunger segir, at svá skal vera — „en svá líz mér á þik, Gestr, at mínir menn muni hafa mælt sik í þaular um þetta mál meir en þú, en þó mun þat nú skjótt reynt verða.“

Eptir þat gengu þeir í brott ok fóru menn at drekka, ok er drykkjubord váru upp tekin, lætr konungr kalla Gest ok talar svá til hans: „nú verðr þú skyldr til at bera fram gull nokkut, ef þú hefir til, svá at ek megi segja um veðjanina með yðr.“ — „þat munu-þér vilja, herra!“ sagði Gestr; hann preifar þá til sjóðs eins, er hann hafði við sik, ok tók þar upp eitt knýti ok leysir til ok fær í hendr konungi. Konungr sér, at þetta er brotit af sǫðulhringju, ok sér, at þetta er allgott gull; hann biðr þá taka hringinn Hnitud, ok er svá var gert, herr konungr saman gullit ok hringinn ok mælti síðan: „víst líz mér þetta betra gull, er Gestr hefir fram borit, ok svá mun lítaz fleirum mǫnnum, þó at sjái;“ sonnuðu þetta þá margir menn með konungi; síðan sagði hann Gestir veðféit, þóttuz gestirnir þá ósvinnir við orðnir um þetta mál. — Gestr mælti þá: „takið fé yðvart sjálfir, því at ek þarf eigi at hafa, en veðið ekki optar við ókunna menn, því at eigi vitu-þér, hvern þér hittid þann fyrir, at bæði hefir fleira sét ok heyrt en þér; en þakka vil ek yðr, herra, órskurðinn!“ — Konungr mælti þá: „nú vil ek, at þú segir, hvaðan þú fekt gull þat er þú ferr með.“ Gestr svarar: „trauðr em ek þess, því at þat mun flestum þykkja ótrúligt, er ek segi þar til.“ „þó viljum vér heyra,“ segir konungr, „ok man þat vel fallit, með því at þú hefir oss áðr heitit sögu þinni.“ Gestr svarar: „ef ek segi yðr, hversu farit er um gullit, þá get ek, at þér vilid heyra aðra sögu hér með.“ „Vera má þat,“ segir konungr, „at rétt getir þú þessa.“

IV.

Þá mun ek segja frá því, er ek fór suðr í Frakkland; vilda ek forvitnaz um konungs síðu ok mikit ágæti, er fór frá Sigurði Sigmundarsyni um vænleik hans ok proska. Vard þá ekki til tíðinda, fyrr en ek kom til Frakklands ok til móts við Hjálprek konung; hann hafði mikla hird um sik. Þar var þá Sigurðr Sigmundarson Völsungssonar ok Hjördísar Eylimadóttur. Sigmundur fell í orrostu fyrir Hundings sonum, en Hjördís giptiz Álfi, syni Hjálpreks konungs. Vex Sigurðr þar upp í barnæsku ok allir synir Sigmundar konungs; váru þeir umfram alla menn um afl ok vöxt, Sinfjötli ok Helgi, er drap Hunding konung ok því var hann Hundingsbani kallaðr; þriði hét Hámundr. Sigurðr var þó allra þeira bræðra framast; er mönnum þat ok kunnigt, at Sigurðr hefir verit gøfgastr allra herkonunga ok bezt at sér í fornum síð.

Þá var ok kominn til Hjálpreks konungs Reginn, son Hreidmars; hann var hverjum manni hagari ok dvergr á vöxt, vitr maðr, grimmr ok fjölkunnigr; Reginn kendi Sigurði marga hluti ok elskaði hann mjök. Hann sagði þá frá forellri sínu ok svá atburðum undarligum, er þar höfðu gerz; ok er ek hafða skamma stund þar verit, gerdumz ek þjónustumaðr Sigurðar, sem margir adrir; allir elskuðu hann mjök, því at hann var bæði blíðr ok lítillátr ok mildr af fé við oss.

V.

Þat var einn dag, at vér Sigurðr kómum til húsa Regins ok var Sigurði þar ve fagnat.

Sigurðr var þá jafnan með Regin, ok hann sagði honum mart frá Fáfni, er hann lá á Gnítaheidi í orms líki, ok at hann var undarliga mikill vexti. Reginn gerði Sigurði sverð, er Gramr hét; þat var svá snarpeggjat, at hann brá því í ána Rín ok lét reka ofan at ullarlagð fyrir strauminum ok tók í sundr lagðinn sem vatnit. Síðan klauf Sigurðr stedja Regins með sverðinu. Eptir þat eggjaði Reginn Sigurð, at drepa Fáfni bróður sinn.

Eptir þetta býr Sigurðr ferð sína ok ætlar at herja á Hundings sonu, ok fær Hjálprekr konungr honum mart lið ok nokkur herskip. Í þessi ferð var með Sigurði Hámundr, bróðir hans, ok Reginn dvergr; ek var ok þar, ok kölluðu þeir mik þá Norna-Gest. Var Hjálpreki konungi kunnleiki á mér, þá er hann var í Danmörk með Sigmundi Völsungssyni. Þá átti Sigmundur Borghildi ok skildu þau svá, at Borghildr drap Sinfjötla, son Sigmundar, með eitri. Síðan fekk Sigmundur suðr í Frakklandi Hjördísar Eylimadóttur, er Hundings synir drápu, ok átti Sigurðr bæði at hefna fōður síns ok móðurfōður. Helgi Sigmundarson, er Hundings bani var kallaðr, var bróðir Sigurðar, er síðan var kallaðr Fáfnisbani. Helgi, bróðir Sigurðar, hafði drepit Hunding konung ok sonu hans þrjá: Eyjúlfr, Hervard, Hjörvard. Lyngvi

komz undan ok tveir bræðr hans, Alfr ok Hemingr. Váru þeir inir frægstu menn um alla atgervi ok var Lyngvi fyrir þeim bræðrum; þeir váru mjök fjölkunnigir; þeir höfðu kúgat marga smákonunga ok marga kappa drepit ok margar borgir brent, ok gerðu it mesta hervirki í Spánlandi ok Frakklandi; en þá var eigi keisararíki komit norðr hingat yfir fjallit. Hundings synir höfðu tekit undir sik þat ríki, er Sigurðr átti í Frakklandi, ok váru þeir þar mjök fjölmennir.

VI.

Nú er at segja frá því, er Sigurðr bjóz til bardaga í mót Hundings sonum; hann hafði mikit lið ok vel vápnað. Reginn hafði mjök ráðagerð fyrir liðinu; hann hafði sverð, þat er Ridill hét, er hann hafði smídat. Sigurðr bað Regin ljá mér sverðit; hann gerði svá, bar ek þetta sverð. Reginn bað hann drepa Fáfni, þá er hann kœmi aprtr ór þessi ferð; Sigurðr hét honum því.

Síðan sigldu-vér suðr með landi; þá fengu-vér gœrningaveðr stór ok kendu þat margir Hundingssonum. Síðan sigldu-vér nokkuru landhallara; þá sáum vér mann einn á bjargsnös, er gekk fram af sjóvarhömrum; hann var í heklu grœnni ok í blám brókum, uppháva skúa ok knepta at legg, laufsprotu í hendi. Þessi maðr ljóðar á oss.

Þá viku-vér at landi, ok lægði skjótt vedrit, ok bað Sigurðr karl ganga út á skipit; hann gerði svá, þá fell þegar vedrit ok gerði inn bezta byr. Karl settiz niðr fyrir kné Sigurði ok var mjök makráðr; hann spurði, ef Sigurðr vildi nokkut ráð af honum þiggja. Sigurðr kvez vilja, sagðiz þat hyggja, at hann mundi verða ráðdrjúgr, ef hann vildi mœnnum gagn gera.

Ok eptir þat sigldu-vér suðr fyrir Hollsetuland ok fyrir austan Frísland ok þar at landi. Þegar fregna Hundings synir um ferð vára ok safna liði ok verða brátt fjölmennir, ok er vér finnumz, tekz harðr bardagi. Var Lyngvi þeira bræðra fremstr í allri framgöngu, sóttu þó allir fast fram. Sigurðr sœkir í móti svá hart, at allt hrökk fyrir honum, því at sverðit Gramr verðr þeim skeinuhætt; en Sigurði þarf eigi hugar at frýja. Ok er þeir Lyngvi finnaz, skiptaz þeir mœrgum höggum við ok berjaz alljarfliga; verðr þá hvíld á bardaganum, því at menn horfa á þetta einvígi; þat var langa hríð, at hvárgi þeira kom sári á annan, svá váru þeir vígfimir. Síðan sœkja bræðr Lyngva fast fram ok drepa margan mann, en sumir flýja. Þá snýr Hámundr, bróðir Sigurðar, í móti þeim ok ek með honum. Verðr þá nokkur móttaka, en svá lýkr með þeim Sigurði ok Lyngva, at Sigurðr gerir hann handtekinn, ok var hann settr í járn. En er Sigurðr kom til vár, þá verða skjótt umskipti; falla þá Hundings synir ok allt lið þeira, enda myrkvir þá af nótt. Ok þá er lýsti um morgininn, var Hnikarr horfinn ok sáz eigi síðan; hyggja menn, at þar hafi Óðinn verit. Var þá um þat talat, hvern dauða Lyngvi skyldi hafa; Reginn lagði þat til ráðs, at rísta skyldi blóðörn á baki honum, ok svá var gert. Tók Reginn þá við sverði sínu

af mér ok reist með því bak Lyngva, svá at hann skar rifin frá hrygginum ok dró þar út lungun. Svá dó Lyngvi með mikilli hreysti.

Þar var almiklit herfang; tóku liðsmenn Sigurðar þat allt, því at hann vildi ekki af hafa: var þar mikit fé í klæðum ok vápnum.

Síðan drap Sigurðr þá Fáfni ok Reginn, því at hann vildi svíkja hann; tók Sigurðr þá gull Fáfnis ok reid á brott með; var hann síðan kallaðr Fáfnisbani. Eptir þat reid hann upp á Hindarhéidi ok fann þar Brynhildi, ok fóru þeira skipti sem segir í sögu Sigurðar Fáfnisbana.

VII.

Síðan fær Sigurðr Guðrúnar Gjúkadóttur; var hann þá um hríð með Gjúkungum mágum sínum. Ek var ýmist með Sigurði eða norðr í Danmörk; ek var ok með Sigurði, þá er Sigurðr konungr Hringr sendi Gandálfs sonu, mága sína, til motts við Gjúkunga Gunnar ok Högna ok beiddiz, at þeir mundi lúka honum skatt eða þola her ella; en þeir vildu verja land sitt. Þá hasla Gandálfs synir Gjúkungum völl við landamæri ok fara aptr síðan, en Gjúkungar biðja Sigurð Fáfnisbana fara til bardaga með sér; hann sagði, svá vera skyldu. Ek var þá enn með Sigurði; sigldum vér þá norðr til Hollsetulands ok lendum þar sem Járnamóða heitir, en skamt frá höfninni váru settar upp heslistengr, þar sem orrostan skyldi vera; sjá-vér þá mörq skip sigla norðan, váru Gandálfs synir fyrir þeim, sökja þá hváirtveggju á land upp. Sigurðr Hringr var eigi þar, því at hann varð at verja land sitt Svíþjóð, því at Kúrir ok Kvænir herjuðu þangat; Sigurðr var þá gamall mjök.

Síðan lýstr saman liðinu, ok verðr þar mikil orrosta ok mannskœð. Gandálfs synir gengu fast fram, því at þeir váru bæði meiri ok sterkari en aðrir menn. Í þeira liði sáz einn maðr mikill ok sterkr, drap þessi maðr menn ok hesta, svá at ekki stóð við, því at hann var líkari jötnum en mönnum. Gunnarr konungr bað Sigurð sökja í móti manskelmi þessum, því at hann kvað eigi svá mundu duga. Sigurðr réz nú í móti þeim mikla manni ok nokkurir menn með honum, ok váru þó flestir þess ófúsir. Finnum vér skjótt inn mikla mann, segir Gestr, ok frétti Sigurðr hann at nafni ok, hvaðan hann væri. Hann kvaz Starkaðr heita Stórverksson norðan af Fenhring ór Noregi. Sigurðr kvaz hans heyrt hafa getit ok optast at illu — eru slíkir menn eigi sparandi til ófagnaðar. Starkaðr mælti: „hverr er þessi maðr, er mik lýtir svá mjök í orðum?“ Sigurðr sagði til sín; Starkaðr mælti: „ertu kallaðr Fáfnisbani?“ „Svá er!“, segir Sigurðr. Starkaðr vill þá undan leita, en Sigurðr snýr eptir ok færir á lopt sverdit Gram ok lamði hann með hjöltunum jaxlgarðinn, svá at hrutu ór honum tveir jaxlar; var þat meizlahogg. Sigurðr bað þá mannhundinn brott dragaz; Starkaðr snaraz þá í brott þaðan, en ek tók annan jaxlinn ok hefi ek með mér; er sá nú hafðr í klokku-streng í Lundi í Danmörk ok vegr sjau aura. Þykkir mönnum forvitni at sjá hann þar. Eptir flóttu Starkaðar flýja Gandálfs synir; tóku-vér þá mikit herfang ok fóru síðan konungar heim í ríki sín ok setjaz þar um hríð.

VIII.

Litlu síðar heyrðum vér getit níðingsvígs Starkaðar, er hann hafði drepit Ála konung í laugu. Var þat einn dag, at Sigurðr Fáfnisbani reid til einnarhverrar stefnu; þá reid hann í eina veisu, en hestrinn Grani hljóp upp svá hart, at í sundr stökk brjóstgerðin ok fell niðr hringjan; en er ek sá, hvar hón glóaði í leirinum tók ek upp ok færða ek Sigurði, en hann gaf mér; hafi-þér nú fyrir litlu sét þetta sama gull. Þá stökk Sigurðr af baki, en ek strauk hest hans, ok þó ek leir af honum ok tók ek einn lepp ór tagli hans til sýnis vaxtar hans. Sýndi Gestr þá leppinn ok var hann sjau alna hár.

Óláfr konungr mælti: „gaman mikit pykki-mér at sögum þínum“; lofudu nú allir frásagnir hans ok frækneik. Vildi konungr, at hann segði miklu fleira um atburði ferða sinna. Segir Gestr þeim marga gamansamliga hluti allt til aptans; fóru menn þá at sofa.

En um morgininn eptir lét konungr kalla Gest ok vil enn fleira tala við Gest. Konungr mælti: „eigi fæ ek skilit til fulls um aldr þinn, hver líkindi þat megu vera, at þú sér maðr svá gamall, at þú hafir verit við staddr þessi tíðindi; verdr þú at segja sögu aðra, svá at vér verdim sannfróðari um slíka atburði.“ Gestr svarar: „vita þóttumz ek þat fyrir, at þér mundid heyra vilja aðra sögu mína, ef ek segða um gullit, hversu farit væri.“ Konungr mælti! „segja skaltu víst.“

IX.

„þat er nú enn at segja,“ segir Gestr, „at ek fór norðr til Danmerkr, ok settumz ek þar at fǫðurleifð minni, því at hann andaðiz skjótt; ok litlu síðar fréttu ek dauða Sigurðar ok svá Gjókunga, ok þótti mér þat mikil tíðindi.“ Konungr mælti: „hvat varð Sigurði at bana?“ Gestr svarar: „sú er flestra manna sögn, at Guthormr Gjókason legði hann sverði í gegnum sofanda í sæng Guðrúnar; en þýverskir menn segja Sigurð drepinn hafa verit úti á skógi; en í Guðrúnarræðu segir svá, at Sigurðr ok Gjúka synir höfðu ridit til þings nokkurs, ok þá dræpi þeir hann: en þat er alsagt, at þeir vágu at honum liggjanda ok óvörum ok sviku hann í trygd.“ — En hirdmaðr einn spyr: „hversu fór Brynhildr þá með?“ Gestr svarar: „þá drap Brynhildr sjau þræla sína ok fimm ambáttir, en lagði sik sverði í gegnum ok bað sik aka með þessa menn til báls ok brenna sik dauða. Ok svá var gert, at henni var gert annat bál, en Sigurði annat, ok var hann fyrri brendr en Brynhildr. Henni var ekit í reid einni, ok var tjaldat um guðvef ok purpura, ok glóaði allt við gull, ok svá var hón brend.“ Þá spurðu menn Gest, hvárt Brynhildr hefði nokkut kvedit dauð, þá er hón var ekin til bálsins; hann kvað þat satt vera. Þeir báðu hann kveða, ef hann kynni. Þá mælti Gestr: „þá er Brynhildi var ekit til brennunnar á helveg, ok var farit með hana nær hómrum nokkurum, þar bjó ein gýgr; hon stóð úti fyrir hellis-

dyrum ok var í skinnkyrtli ok svørt yfirlits; hón hefir í hendi sér skógarvønd langan ok mælti: „þessu vil ek beina til brennu þínar, Brynhildr! ok væri betr, at þú værir lifandi brend fyrir ódádir þínar þær, at þú lézt drepa Sigurð Fáfnisbana, svá ágætan mann, ok opt var ek honum sinnuð, ok fyrir þat skal ek ljóða á þik með hefndarorðum þeim, at öllum sér þú at leidari, er slíkt heyrá frá þér sagt.“ Eptir þat ljóðaz þær á, Brynhildr ok gýgr. Þá æpti gýgr ógurligri röðdu ok hljóp inn í bjargit.“

Þá sögðu hirdmenn konungs: „gaman er þetta, ok segðu enn fleira!“ Konungr mælti: „eigi er naudsyn, at segja fleira frá því líkum hlutum.“ — Konungr spyrr: „vartu nokkut með Loðbrókarsonum?“ Gestr svarar: „skamma stund var ek með þeim; ek kom til þeira, þá er þeir herjuðu suðr at Mundíafjalli ok brutu Vífilsborg; þá var allt við þá hrætt, því at þeir höfðu sigr, hvar sem þeir kómu; ok þá ætluðu þeir at fara til Rómaborgar. Þat var einn dag, at maðr nokkurr kom fyrir Þjórn konung Járnsíðu ok heilsar honum; konungr tekr honum vel ok spurði, hvaðan hann væri eða hvat hann hétu. Hann kvez Sónes heita ok kominn sunnan frá Rómaborg; konungr spurði: „hvé langt er pangat?“ Sónes svaraði: „hér máttu sjá, konungr skúa er ek hefi á fótum — tekr hann þá járnskúa af fótum sér, ok váru allpykkir ofan, en mjök slitnir neðan — svá er löng leið heðan til Rómaborgar, sem þér meguð nú sjá á skóm mínum, hversu hart þeir hafa at polat!“ Konungr mælti: „furðu löng leið er þetta at fara, ok því munu-vér aptr snúa ok herja eigi á Rómarríki.“ Ok svá gera þeir bræðr, at þeir fara eigi lengra, ok þótti hverjum þetta undarligt, at snúa svá skjótt sínu skapi við eins manns orð, er þeir höfðu áðr allt ráð fyrir gørt. Fóru Loðbrókarsynir við þetta aptr ok heim norðr ok herjuðu eigi lengra suðr.“ Konungr segir: „audsýnt var þat, at helgir menn í Róma vildu eigi yfirgang þeira pangat, ok mun sá andi af guði sendr verit hafa, er svá skiptiz skjótt þeira fyrirætlan, at gera ekki spillvirki inum helgasta stað Jesú Kristí í Rómaborg.“

X.

Enn spurði konungr Gest: „hvar hefir þú þess komit til konunga, er þér hefir bezt þótt?“ Gestr segir: „mest gleði þótti mér með Sigurði ok Gjúkungum; en þeir bræðr Loðbrókarsynir váru menn sjálfráðastir at lifa, sem menn vildu; en með Eireki at Uppsöllum var sæla mest; en Haraldr konungr Hárfagri var vandastr at hirdsíðum allra fyrr nefndra konunga. Ek var ok með Hlödvi konungi á Saxlandi ok þar var ek prímsigndr, því at ek máttu eigi þar vera elligar, því at þar var kristni vel haldin, ok þar þótti mér at öllu bezt.“ Konungr mælti: „morg tíðindi muntu segja kunna, ef vér viljum spyrja.“ Konungr fréttir nú margs Gest, en Gestr segir þat allt greiniliga, ok um síðir talar hann svá: „nú má ek segja yðr, hví ek em Nornagestr kallaðr.“ Konungr sagðiz þat heyra vilja.

XI.

Gestr mælti: „þat var, þá er ek var fœddr upp með fœdur mínum í þeim stað, er Grœningr heitir — faðir minn var ríkr at peningum ok helt ríkuliga herbergi sín — þar fóru þá um landit völvur, er kallaðar vāru spákonur, ok spāðu mōnnum aldr; því buðu margir menn þeim heim ok gœrðu þeim veizlur ok gāfu þeim gjafir at skilnaði. Faðir minn gerði ok svā, ok kōmu þær til hans með sveit manna ok skyldu þær spā mér orlog; lá ek þā í vōggu, er þær skyldu tala um mitt māl; þā brunnu yfir mér tvau kertisljós. Þær mæltu vel til mín ok sōgðu mik mikinn auðnumann verða mundu ok meira, en aðra mína foreldra eða hōfðingja syni þar í landi, ok sōgðu allt svā skyldu fara um mitt ráð. In yngsta nornin þóttiz ofítills metin hjá inum tveim, er þær spurðu hana eigi eptir slíkum spām, er svā vāru mikils verðar; var þar ok mikil ribbalda sveit, er henni hratt ór sæti sínu, ok fell hōn til jarðar. Af þessu varð hōn ákafa stygg; kallar hōn þā hátt ok reidiliga ok bað inar hætta svā gōðum ummælum við mik — því at ek skapa honum þat, at hann skal eigi lifa lengr en kerti þat brennr, er upp er tendrat hjā sveininum. Eptir þetta tók in ellri vōlvān kertit ok slōkti ok biðr mōður mína varðveita ok kveykja eigi fyrr en á síðasta degi lífs míns. Eptir þetta fóru spákonur í brott ok bundu inā ungu norn ok hafa hana svā í brott, ok gaf faðir min þeim gōðar gjafir at skilnaði. Þā er ek var roskinn maðr, fær mōðir mín mér kerti þetta til varðveizlu; hefi ek þat nú með mér.“

Konungr mælti: „hví fórtu nú hingat til vár?“ Gestr svarar: „þessu sveif mér í skap: ætlaða ek mik af yðr nōkkura auðnu hljóta mundu, því at þér hafit fyrir mér verit mjōk lofaðir af gōðum mōnnum ok vitrum.“ Konungr sagði: „viltu nú taka helga skírn?“ Gestr svarar: „þat vil ek gera at yðru ráði.“ Var nú svā gert ok tók konungr hann í kærleika við sik ok gerði hann hirdmann sinn. Gestr varð trúmaðr mikill ok fylgði vel konungs síðum; var hann ok vinsæll af mōnnum.

XII.

Þat var einn dag, at konungr spurði Gest: „hversu lengi vildir þú nú lifa, ef þú rédir?“ Gestr svarar: „skamma stund hedan af, ef guð vildi þat.“ Konungr mælti: hvat mun líða, ef þú tekr nú kerti, þat er þú hefir frá sagt?“ Gestr tók nú kerti sitt ór hōrpustokki sínum, konungr bað þá kveykja, ok svā var gert; ok er kertit var tendrat, brann þat skjótt. Konungr spurði Gest: „hversu gamall maðr ertu?“ Gestr svarar: „nú hefi ek þrjú hundruð vetra.“ — „Allgamall ertu!“ sagði konungr. Gestr lagðiz þá niðr, hann bað þá ólea sik; þat lét konungr þegar gera, ok er þat var gert, var lítit óbrunnit af kertinu. Þat fundu menn þá, at leið at Gesti; var þat ok jafn skjótt, at brunnit var kertit, ok Gestr andaðiz, ok þótti öllum merkiligt hans andlát; þótti konungi ok mikit mark at sōgum hans ok þótti sannast um lífdaga hans, svā sem hann sagði.